

# STARFSLEYFI

Endurnýting úrgangs

**Molta ehf.**

**Þveráreyrum 1a**

Lögheimili: Þveráreyrum 1a, 605 Akureyri

Kt.: 600407-0580

## 1. ALMENN ÁKVÆÐI

### 1.1 Rekstraraðili

Starfsleyfi þetta gildir fyrir jarðgerðarstöð Moltu ehf. Þveráreyrum 1a á Akureyri. Molta ehf. er hér eftir nefnd rekstraraðili.

Komi nýr aðili að rekstrinum getur hann sótt um til Umhverfisstofnunar að starfsleyfið verði fært yfir á hann án þess að gefið verði út nýtt starfsleyfi. Með umsókninni skulu fylgja gögn sem sýna fram á að rekstraraðilinn hafi tekið við rekstrinum.

Rekstraraðili getur falið verktaka að annast verk fyrir sig, enda hafi hann þá gengið úr skugga um að viðkomandi hafi öll tilskilin leyfi.

Rekstraraðili ábyrgist þó áfram að ákvæðum starfsleyfisins sé fylgt. Rekstraraðila ber að uppfylla lög og reglugerðir á starfssviði sínu og haga starfsemi í samræmi við gildandi skipulagsáætlanir.

Verði gerð breyting á nafni rekstraraðila ber honum að tilkynna Umhverfisstofnun um slíka breytingu.

### 1.2 Umfang starfseminnar

Moltu ehf. er heimilt að taka á móti allt að 15.000 tonnum á ári af lífrænum úrgangi og stoðefnum. Lífrænn úrgangur á við um úrgang frá sláturhúsum og kjötvinnslum, fiskúrgang og matarleifar auk lífræns heimilisúrgangs og úrgangs frá fyrirtækjum. Stoðefni eru m.a. dagblaða- og tímaritapappír, umbúðarpappi, garðaúrgangur, gras, ómeðhöndlað timbur, hrossatað, og mask frá bjórframleiðendum.

Móttaka aukaafurða dýra skal uppfylla skilyrði í a. lið í 1. gr. reglugerðar nr. 674/2017 sbr. reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1069/2009. Berist úrgangur sem óheimilt er að taka við eða telst ófullnægjandi í vinnslu ber að meðhöndla hann í samræmi við lög og reglugerðir.

Auk þess er óheimilt að taka á móti lyktarsterkum úrgangi og öðrum lífrænum rekstrarúrgangi s.s seyru. Berist úrgangur sem óheimilt er að taka við eða telst ófullnægjandi til vinnslu ber að meðhöndla hann í samræmi við lög og reglugerðir.

### 1.3 Eftirlit

Umhverfisstofnun hefur eftirlit með starfsemi rekstraraðila í samræmi við XIV. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og X. kafla reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Tímabilið milli tveggja vettvangsheimsóknna við eftirlit skal byggt á áhættumati, sbr. 54. gr. laga nr. 7/1998 og 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018. Eftirlit felst í umsjón með lögbundnum skilum, yfirferð og mati á gögnum. Jafnframt felst eftirlit í yfirferð gagna og reglubundinni skoðun á vettvangi, móttöku athugasemda og fyrirspurna. Eftir hvert eftirlit tekur eftirlitsaðili saman skýrslu. Skýrslan skal vera gerð aðgengileg á heimasíðu Umhverfisstofnunar, nánar á vefsíðu eftirlitsaðila, eftir að rekstraraðili hefur fengið tækifæri til að koma að athugasemdum og brugðist hefur verið við þeim. Athugasemdirnar skulu eftir atvikum birtar með skýrslunni.

Fylgi rekstraraðili ekki ákvæðum starfsleyfis, laga og reglugerða á sviði starfseminnar er eftirlitsaðila heimilt að beita úrræðum skv. gr. 1.7 og gildandi lögum og reglugerðum.

Viðbótareftirlit getur farið fram m.a. vegna nýs búnaðar, til rannsóknar á alvarlegum ábendingum vegna umhverfisins, alvarlegum umhverfisslysum, óhöppum og tilvikum þar sem reglum er ekki fylgt eða sérstakra úttekta vegna áætlana sem rekstraraðili hefur gert um úrbætur.

Eftirlitsaðila skal heimill aðgangur til skoðunar og eftirlits, þar á meðal töku sýna og myndatöku, sbr. 62. gr. laga nr. 7/1998.

#### 1.4 Breytingar á rekstri

Rekstraraðili skal veita Umhverfisstofnun upplýsingar um fyrirhugaðar breytingar á rekstri þegar ákvörðun um þær breytingar liggur fyrir, sbr. 1. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 550/2018. Á grundvelli þeirra upplýsinga metur stofnunin hvort nauðsynlegt sé að gefa út nýtt starfsleyfi sbr. 2. mgr. 13. gr. reglugerðarinnar.

#### 1.5 Gangsetning og stöðvun rekstrar (lokun)

Verði rekstri hætt, tímabundið eða varanlega, eða reksturinn stöðvast óvænt skal vera áætlun vegna rekstrarstöðvunar til staðar til þess að úrgangi, efnaafgöngum, óunnu hráefni, afurðum, húsnæði, tækjum og rekstrarsvæði verði ráðstafað á viðurkenndan hátt og um annan frágang. Fjalla skal þar annars vegar um tímabundna rekstrarstöðvun og hins vegar um varanlega rekstrarstöðvun. Í áætluninni skal alltaf gengið út frá því að lágmarka möguleg mengunaráhrif. Einnig skal vera ákvæði um næstu endurskoðun hennar. Rekstrarstöðvun skal tilkynnt eftirlitsaðila þegar ákvörðun liggur fyrir þannig að taka megí út frágang. Þá skal tilkynna um það ef reksturinn hefur verið stórlega skertur frá því sem búast má við, þó ekki sé talin þörf á að virkja áætlunina. Bilanir og viðhald telst ekki stórlega skertur rekstur.

Við lok rekstrar skal rekstraraðili tilkynna eftirlitsaðila um aðgerðir sínar innan þriggja mánaða frá því að þeim lýkur.

#### 1.6 Endurskoðun starfsleyfis

Endurskoða skal starfsleyfið reglulega, sbr. 15. gr. laga nr. 7/1998 og 14. gr. reglugerðar nr. 550/2018.

Einnig er skylt að endurskoða starfsleyfið ef forsendur rekstrarins breytast með eftirfarandi hætti, sbr. 14. gr. reglugerðar nr. 550/2018:

- Ef rekstraraðili breytir rekstrinum með þeim hætti að tilkynningarskylt er sbr. gr. 1.4.
- Ef mengun af völdum stöðvar er slík að nauðsynlegt reynist að endurskoða gildandi viðmiðunarmörk fyrir losun sem tilgreind er í starfsleyfi eða láta ný viðmiðunarmörk koma fram í leyfinu.
- Þegar nota þarf aðra tækni vegna rekstraröryggis.
- Þegar nauðsynlegt er að fara að nýjum eða endurskoðuðum umhverfisgæðakröfum í samræmi við 11. gr. reglugerðar nr. 550/2018.

- Ef mengun af völdum rekstrarins er meri en búast mátti við þegar starfsleyfið var gefið út eða ef vart verður mengunar sem ekki var gert ráð fyrir við útgáfu leyfisins.
- Ef breytingar verða á lögum eða reglum um mengunarvarnir eða annað sem snertir reksturinn.
- Ef starfsemi samræmist ekki gildandi deili- eða aðalskipulagi.
- Ef breytingar verða á bestu aðgengilegu tækni sem gera það kleift að draga umtalsvert úr losun mengunarefna. Ef breytingar verða á viðmiði um bestu aðgengilegu tækni (BAT) skal rekstraraðili senda útgefanda starfsleyfis, skv. beiðni útgefandans, tímasetta áætlun sem fjallar um með hvaða hætti hann hyggist taka upp hina nýju tækni en rökstyðji annars að honum sé það ekki mögulegt.
- Ef ítrekaðar kvartanir koma upp vegna lyktarmengunar getur Umhverfisstofnun bætt við ákvæðum um mælingar á lykt sem og endurskoðað starfsleyfið.

Rekstraraðila er þó ætíð skylt að fara að lögum og reglugerðum, sbr. gr. 1.1, jafnvel þótt starfsleyfi hafi ekki verið endurskoðað.

## 1.7 Valdsvið, viðurlög og þvingunarúrræði

Fylgi rekstraraðili ekki ákvæðum starfsleyfis, laga og reglugerða á starfssviði sínu, eða fyrirmælum eftirlitsaðila um úrbætur, getur eftirlitsaðili beitt ákvæðum XVII. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, til að knýja fram úrbætur.

Stofnuninni er m.a. heimilt að veita áminningu og hæfilegan frest til úrbóta, ákveða rekstraraðila dagsektir og stöðva starfsemi eða takmarka hana til bráðabirgða, sé um alvarlega hættu, alvarleg tilvik eða ítrekað brot að ræða eða ef ekki er sinnt úrbótum innan tiltekins frests.

Umhverfisstofnun getur lagt á stjórnvaldssektir sbr. 67. gr. laga nr. 7/1998.

## 1.8 Upplýsingaréttur almennings

Almenningur á rétt á aðgengi að upplýsingum um starfsleyfi, starfsleyfisumsókn og mengunareftirlit í samræmi við 6. gr. og IV. viðauka reglugerðar nr. 550/2018.

Umhverfisstofnun birtir niðurstöður skv. gr. 1.3 og 1.7 opinberlega. Birtingin er á vefsíðu stofnunarinnar eða með öðrum aðgengilegum hætti. Að öðru leyti vísast til upplýsingastefnu stofnunarinnar.

## 1.9 Umhverfisábyrgð

Rekstraraðili ber ábyrgð á umhverfistjóni eða yfirvofandi hættu á slíku tjóni af völdum atvinnustarfsemi sbr. lög nr. 55/2012, um umhverfisábyrgð og skal koma í veg fyrir tjón eða bæta úr tjóni ef það hefur orðið og bera kostnað af ráðstöfunum sem af því leiðir.

# 2. STARFSHÆTTIR

## 2.1 Starfshættir og umhverfismarkmið

Rekstraraðili skal beita góðum starfsháttum og draga úr umhverfisáhrifum eins og best verður á kosið með markvissum vinnubrögðum sem miða að því að halda mengun lofta og lagar í lágmarki. Viðhald á mengunarvarnabúnaði skal vera fyrirbyggjandi.

Rekstraraðili skal vera með umhverfismarkmið og starfa samkvæmt þeim. Umhverfismarkmið skulu endurskoðuð á a.m.k. fjögurra ára fresti. Ef umhverfismarkmið eru hluti af umhverfisstjórnunarkerfi rekstraraðila er fullnægjandi að vísa til þeirra.

## 2.2 Samskipti og samráð

Sérstakur fulltrúi rekstraraðila skal vera tengiliður við eftirlitsaðila og ber hann ábyrgð á samskiptum rekstraraðila vegna eftirlits með mengunarvörnum fyrirtækisins og framkvæmd neyðaráætlunar vegna óvæntrar rekstrarstöðvunar. Eftirlitsaðili getur haft samband við þennan aðila utan hefðbundins starfstíma ef þörf krefur. Rekstraraðili skal tilkynna Umhverfisstofnun ef breyting verður á tengiliði.

## 2.3 Verkstjórn og takmörkun aðgangs

Stjórnandi stöðvarinnar skal hafa nægilega tæknilega færni til að stjórna henni og hann skal hafa hlotið faglega og tæknilega menntun og þjálfun. Á hverri vinnuvakt á athafnasvæði skal starfa tilgreindur starfsmaður sem hefur góða þekkingu á öllum búnaði og starfsreglum rekstrarins. Þessi starfsmaður skal kunna skil á ákvæðum starfsleyfis þessa og þeim lögum og reglugerðum sem um starfsemina gilda. Eintak af starfsleyfi ásamt uppdrætti af stöðinni, skulu ávallt vera tiltæk á vinnustað.

Tryggja skal að starfsfólk hafi fullnægjandi þekkingu á eitrunarhættu og eiginleikum þeirra efna sem það gæti komist í tæri við og skulu upplýsingar þar að lútandi ávallt vera tiltækar á vinnustað. Starfsmenn skulu vera þjálfaðir til að bregðast við mengunaróhöppum og hafa viðeigandi þjálfun á tæki og öryggisbúnað sem gerir þá hæfa til vinnu í starfsstöðinni. Rekstraraðila er skylt að ganga þannig frá olíubirgðum, olíuúrgangi, eiturefnum og hættulegum efnum að ekki sé hætt á að þessi efni berist út í umhverfið, í sjó, í yfirborðsvatn eða í grunnvatn og fara skal eftir ákvæðum reglugerðar nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi. Tryggja skal kennslu og æfingu í að bregðast við mengunaróhöppum.

Gera skal ráðstafanir til að minnka sem mest má verða þau óþægindi og brunahættu sem stafar af starfseminni.

Aðgangur að athafnasvæði skal vera takmarkaður og svæðið afgirt með girðingu sem hindrar aðgang manna og skepna og hindrar ólöglega losun úrgangs. Hlið skulu lokuð og læst nema þegar starfsemi fer fram. Gott eftirlit og viðhald skal vera með girðingu.

Rekstraraðili skal halda rekstrarsvæði sínu snyrtilegu og þar skulu ekki vera hlutir eða efni sem ekki tilheyra starfseminni. Eftirlitsaðili getur krafist lagfæringa og viðgerða á lóð, girðingu eða öðrum mannvirkjum ef nauðsynlegt þykir til þrifnaðar eða ef ástand þeirra er til lýta fyrir umhverfið.

Verkferlar skulu vera til staðar um vinnubrögð og þjálfun starfsmanna til að takmarka lykt, t.d. með góðri umgengni og þrifum.

## 2.4 Umhverfisstjórnunarkerfi

Rekstraraðili getur kosið að vinna eftir umhverfisstjórnunarkerfi. Rekstraraðili getur tekið þátt í t.d. ÍST EN ISO 14001, eða í umhverfisstjórnunarkerfi ESB, sbr. reglugerð nr. 344/2013 um frjálsa þátttöku fyrirtækja og stofnana í umhverfisstjórnunarkerfi Evrópusambandsins eða öðru kerfi sem uppfyllir eðli málsins samkvæmt kröfur um umhverfisstjórnunarkerfi.

## 2.5 Viðbrögð við mengunaróhöppum

Verði óhapp eða slys sem hefur í för með sér losun mengandi efna í umhverfið skal þegar í stað grípa til aðgerða til að koma í veg fyrir útbreiðslu mengunarefna og til að fyrirbyggja að mengun valdi skaða á umhverfinu. Verði bilun í mengunarvarnabúnaði skal gera nauðsynlegar lagfæringar. Rekstraraðila ber að hreinsa þá mengun sem kann að verða við óhöpp eða önnur atvik, á sinn kostnað.

Eftir því sem við á skal fylgja viðbragðsáætlun vegna mengunaróhappa. Einnig skal rekstraraðili fara yfir atvikið og gera ráðstafanir sem miði að því að hindra að sambærilegt atvik endurtaki sig. Eftirlitsaðili skal

upplýstur um slíkar ráðstafanir. Viðbragðsáætlun skal endurskoða a.m.k. á fjögurra ára fresti. Hún skal vera tiltæk starfsmönnum á vinnustað og aðgengileg eftirlitsaðila.

## 2.6 Tilkynningar vegna mengunaróhappa

Ef óhapp verður sem þarfnast tafarlausra aðgerða skal hafa samband við neyðarlínuna 112.

Tilkynna skal eftirlitsaðila um mengunaróhapp eins fljótt og mögulegt er. Greina skal eftirlitsaðila frá því ef hættu er talin á neikvæðum afleiðingum fyrir umhverfið.

Eftirlitsaðila er heimilt, ef þörf er á, að óska eftir upplýsingum um önnur sérstök atvik í rekstri sem geta haft í för með sér aukna mengun. Einnig skal rekstraraðili fara yfir atvikið og gera ráðstafanir sem miði að því að hindra að óhöpp eða slys sem orðið hafa endurtaki sig og skal eftirlitsaðili vera upplýstur um þær ráðstafanir.

## 2.7 Breytingar á mælingum

Eftirlitsaðili getur, telji hann ástæðu til, farið fram á tíðari losunarmælingar og/eða vöktunarmælingar en starfsleyfið gerir ráð fyrir eða heimilað að dregið verði úr tíðni mælinga eftir því sem við á.

Ákvörðun um að draga úr tíðni mælinga skal þó ekki tekin nema eitthvert eftirfarandi skilyrði sé fyrir hendi:

- Mælingar hafi sýnt með sannfærandi hætti að mengunarpáttur er óverulegur.
- Mælingum hafi áður verið fjölgað umfram þær sem starfsleyfið tilgreinir.
- Sýnt hafi verið fram á að nota megri aðrar aðferðir en mælingar við að meta mengunina.

# 3. VARNIR GEGN MENGUN YTRA UMHVERFIS

## 3.1 Mengunarvarnir

Rekstraraðila ber að uppfylla gildandi lög og reglugerðir á starfssviði sínu og haga starfseminni í samræmi við gildandi skipulag. Rekstraraðili skal nota bestu aðgengilegu tækni (BAT) sem skilgreind hefur verið við mengunarvarnir og nýta vel orku og vatn. Þegar aðferðum er beitt við mengunarvarnir sem valda því að mengun færist á milli andrúmslofts, vatns og jarðvegs skal halda neikvæðum heildaráhrifum á umhverfið í lágmarki (samþættar mengunarvarnir).

Verði breytingar á bestu aðgengilegu tækni skulu þær taka gildi í samræmi við innleiðingarákvæði BAT-niðurstaðna í reglugerð nr. 935/2018 um BAT (bestu aðgengilegu tækni) o.fl. á sviði atvinnurekstrar sem haft getur í för með sér mengun, og skal það gert ef við á samkvæmt ákvæðum í gr. 1.7.

## 3.2 Móttaka og skráning úrgangs

Skrá skal upplýsingar um allan úrgang sem tekið er á móti, sbr. 19. gr. laga nr. 55/2003. Skrá skal magn, tegundir, uppruna, dagsetningu móttöku, vinnsluáðferðir og ráðstöfun.

Rekstraraðila ber að tryggja að engin spilliefni séu í þeim úrgangi sem tekið er á móti. Spilliefnum sem kunna að berast rekstraraðila skal komið til viðurkenndrar spilliefnamóttöku við fyrsta tækifæri í samræmi við reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni og reglugerð nr. 674/2017 um heilbrigðisreglur að því er varðar akaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til manneldis.

## MÓTTÉKINN ÚRGANGUR, HRÁEFNI OG FRAMLEIÐSLUVÖRUR

### 3.3 Almennt

Úrgangur sem tekið er á móti skal uppfylla kröfur skv. gr. 1.2. Við móttöku og vinnslu úrgangs skal eftir fremsta megni draga úr lyktarmengun. Meðhöndlun og vinnsla sláturúrgangs og lífræns heimilis og fyrirtækjaúrgangs skal fara fram í lokuðu rými frá móttöku úrgangs og þar til afurð berst í galta sem standa utandyra. Móttaka og meðhöndlun stoðefna má fara fram utandyra.

### LOFT

### 3.4 Loftmengun

Hreinsa skal útblástur frá punktuppsprettum með virkum hætti s.s. með ósonrafali.

Rekstraraðila ber að tilkynna Umhverfisstofnun fyrirfram um skipulagðar aðgerðir sem geta valdið auknu lyktarónæði frá starfseminni, svo sem viðhaldi á verksmiðjunni eða ferlum í vinnslu moltu.

### 3.5 Lykt

Gera skal ráðstafanir til að varna því að lykt berist frá starfseminni þannig að hún finnist ekki utan athafnasvæðis.

### VATN

### 3.6 Afrennslisvatn

Frárennslisvatn frá stöðinni skal vera í samræmi við reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp.

Afrennslisvatn verkmiðjunnar skal veitt í tvö siturbeð. Eitt siturbeð skal taka við afrennslisvatni frá rekstri verkmiðjunnar utandyra og annað skal taka við afrennslisvatni frá móttöku og vinnslusvæði innandyra.

Tveggja þrepa hreinsikerfi skal vera til staðar fyrir afrennslisvatni veitt frá verkmiðjunni, en a.m.k. eins þrepa hreinsikerfi við athafna- og vinnusvæði utandyra.

Halda skal skrá um viðhald og eftirlit með siturbeðum og skal það vera hluti af innra eftirliti rekstraraðila. Umhverfisstofnun getur kallað eftir auknum mælingum samkvæmt gr. 2.8 og 4.2 ef eftirlit gefur til kynna að hreinsun frárennslis sé ábótavart.

### ANNAÐ

### 3.7 Meindýravarnir

Verði vart við meindýr eða vargfugl skal sjá til þess að þau hafist ekki við eða taki sér bólfestu á athafnasvæðum rekstraraðila að teknu tilliti til laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum.

### 3.8 Hávaði og titringur

Rekstraraðili skal draga úr hávaða og titringi frá verkmiðjunni eins og kostur er, t.d. með reglulegum úrbótaverkefnum og tryggja að hávaði frá starfseminni sé í samræmi við töflu í III. viðauka og önnur ákvæði reglugerðar nr. 724/2008, um hávaða.

Eftirfarandi aðgerðir eru dæmi um aðgerðir sem til greina gætu komið sem úrbótaverkefni, sbr. 1. málsgrein:

- yfirfara starfshætti til að draga úr hávaða,
- athuga hávaða sem verður til við meðhöndlun hráefna,

- velja vélbúnað sem síður veldur hávaða,
- gera skilrúm sem loka hávaða inni,
- tryggja að dyrum og gluggum sé lokað þegar hávaði er mestur.

### 3.9 Efnanotkun, öryggisblöð og skiptireglan

Rekstraraðili skal vinna samkvæmt efnalögum nr. 61/2013 og reglugerð nr. 888/2015 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH) sem og öðrum reglugerðum sem gilda um efni og efnablöndur. Við alla efnameðferð skal gæta þess að öryggisblöð séu aðgengileg og uppfærð.

Rekstraraðili skal ávallt hafa aðgengileg öll öryggisblöð hreinsiefna (sápur, sóttthreinsiefni, lyktareyðandi efni osfr.) og annarra hættulegra efna sem notuð eru við reksturinn.

Sé þess kostur skal skipta út efnum eða efnablöndum sem talin eru geta haft í för með sér óæskileg áhrif á heilsu manna eða skaðað umhverfið. Við geymslu og meðhöndlun efna skal takmarka aðgengi og mengunarhættu eins og kostur er. Við mengunaróhöpp skal fylgja viðbragðsáætlun skv. gr. 2.6.

Rekstraraðila er skylt að ganga þannig frá mengandi efnum að ekki sé hætt á að þessi efni berist út í umhverfið, í yfirborðsvatn eða í grunnvatn.

## 4. INNRA EFTIRLIT OG VÖKTUN

### 4.1 Skráningar

Rekstraraðili skal hafa reglulegt eftirlit með rekstrarþáttum sem geta haft í för með sér mengun eða losun efna út í umhverfið. Rekstraraðili skal skrá upplýsingar um eftirfarandi atriði og skulu skráningar vera aðgengilegar eftirlitsaðila:

1. Upplýsingar um allan úrgang sem tekið er á móti, sbr. gr. 3.2 og með hvaða hætti tryggt sé að úrgangurinn innihaldi ekki spilliefni.
2. Magn og gerð efnis sem sent er til endurnýtingar eða förgunar skv. 19. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs.
3. Úrgangur sem berst og er ekki tækur til vinnslu í stöðinni, þar með talið magn og gerð spilliefna sem skilað er til móttökustöðvar ásamt staðfestingu flutningsaðila og/eða móttökustöðvar, sbr. gr. 3.2.
4. Ábendingar og kvartanir sem rekstraraðila berast vegna starfseminnar og viðbrögð við þeim.
5. Viðhald, eftirlit og bilanir í mengunarvarnabúnaði.
6. Þjálfun starfsfólks sbr. gr. 2.3.
7. Mengunaróhöpp og viðbrögð við þeim.
8. Niðurstöður mælinga skv. gr. 4.2.
9. Uppfærslur á teikningum ef breytingar hafa orðið á mannvirkjum, t.d. lögnum.



## 4.2 Eftirlitsmælingar og umhverfisvöktun

Fullnægjandi aðstaða til mælinga skal vera til staðar. Upplýsingar um framkvæmd mælinga skulu vera aðgengilegar eftirlitsaðila.

### Rekstraraðili skal framfylgja eftirfarandi mælingaáætlun

Flokkur	Mæli-/sýnatökustaðir	Mæling	Mælieining	Tíðni mælinga
Vatnsmengun	Siturbeð og fituskilja í verksmiðju Siturbeð á plani Afrennsli við malarplan	Svifagnir, pH, ammoníak, BOD <sub>5</sub> , COD, nitur, fosfat	mg/L	Einu sinni á ári á hverjum stað meðan verksmiðjan er í rekstri

## 4.3 Kostnaður

Rekstraraðili skal kosta og ábyrgjast framkvæmd mælinga sem kveðið er á um í starfsleyfi þessu auk vöktunar ef ástæða er til að halda að mengun umhverfis sé yfir mörkum sem gefin eru í starfsleyfi. Umhverfisstofnun getur krafist frekari mælinga ef þörf krefur. Mælingar skulu vera í höndum rekstraraðila eða aðila sem rekstraraðili tilnefnir og Umhverfisstofnun samþykkir.

## 4.4 Skýrslugjöf

Rekstraraðili skal taka saman ársyfirlit og senda eftirlitsaðila, sbr. gr. 4.1, fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár. Umhverfisstofnun getur fallist á annað fyrirkomulag á þessum skilum, óski rekstraraðili þess. Með breyttu fyrirkomulagi er einungis átt við fyrirkomulag skila en ekki dagsætningu á skilum, sbr. 19. gr. laga 55/2003. Rekstraraðila er heimilt að vísa til skýrslu um umhverfisupplýsingar eða ársskýrslu ef þar er að finna ofangreinda samantekt.

## 4.5 Umhverfisupplýsingar

Rekstraraðili skal skila árlega til Umhverfisstofnunar upplýsingum um losun mengandi efna frá starfsstöðinni með rafrænum hætti, skv. 34. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Rekstraraðili ber ábyrgð á þeim upplýsingum sem hann skilar til Umhverfisstofnunar. Heimilt er að skila skýrslunum sameiginlega auk ársyfirlits sbr. gr. 4.4 en skilafrestir framlengjast þó ekki við það.

# 5. FLOKKUN STARFSEMI OG GJALDSKYLDA

Starfsemi þessi er flokkuð í lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir í viðauka I, lið 6.5. Starfsemin er flokkuð í reglugerð nr. 550/2018 í viðauka I, lið 6.5. Rekstraraðili greiðir Umhverfisstofnun gjald vegna útgáfu og kynningar starfsleyfisins og greiðir eftirlitsaðila gjald vegna reglubundins eftirlits skv. gjaldskrá Umhverfisstofnunar. Gjald vegna viðbótareftirlits, svo sem vegna frávika eða kvartana greiðist sérstaklega samkvæmt gjaldskrá.

# 6. GILDISTAKA

Starfsleyfi þetta, sem er veitt samkvæmt reglugerð nr. 550/2018, um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, sbr. lög nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, öðlast þegar gildi og gildir til 18.11.2036. Ákvörðun Umhverfisstofnunar um útgáfu starfsleyfis er kæránleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála innan eins mánaðar frá birtingu ákvörðunar Umhverfisstofnunar skv. 1. mgr.



65. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. 4. gr. laga nr. 130/2011, um úrskurðarnefnd umhverfis og auðlindamála.

**Reykjavík 18.11.2020**

**Umhverfisstofnun**

Sigrún Ágústdóttir  
forstjóri

Sverrir Aðalsteinn Jónsson  
teymisstjóri

## Viðauki I

### Yfirlit yfir skiladaga

Í eftirfarandi greinum starfsleyfisins eru ákveðnir skiladagar tilgreindir:

- Gr. 1.5: Rekstrarstöðvun skal tilkynnt eftirlitsaðila þegar ákvörðun liggur fyrir þannig að taka megi út frágang.
- Gr. 1.5: Við lok rekstrar skal rekstraraðili tilkynna eftirlitsaðila um aðgerðir sínar (varðandi frágang) innan þriggja mánaða frá því að þeim lýkur.
- Gr. 4.4: Rekstraraðili skal taka saman ársyfirlit og senda eftirlitsaðila, sbr. gr. 4.1, fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár.
- Gr. 4.5: Eftirlitsmælingum í gr. 4.2 skal skilað fyrir 1. maí hvert ár.

Sé misræmi á milli þessa viðauka og megintexta starfsleyfisins gildir megintextinn.

## Fylgiskjal

### Greinargerð vegna útgáfu starfsleyfis fyrir Moltu ehf.

#### 1. Almennt

Molta ehf. kt.: 600407-0580, Þveráreyrum 1a, 605 Akureyri, sótti þann 6. janúar 2020 um starfsleyfi til móttöku á lífrænum úrgangi og stoðefnum til moltugerðar.

Umhverfisstofnun auglýsti tillögu að starfsleyfi á tímabilinu 24. september til og með 22. október 2020, en samkvæmt tillögunni er fyrirtækinu heimilt að taka á móti allt að 15 þúsund tonnum af lífrænum heimilis- og fyrirtækjaúrgangi, sláturúrgangi og stoðefnum. Ásamt tillögunni var auglýst umsókn fyrirtækisins og ákvörðun Skipulagsstofnunar um matskyldu. Heimilt var að gera athugasemdir við tillöguna á sama tímabili. Tilkynning um opinbera auglýsingu var send rekstaraðila, til sveitarfélagsins og heilbrigðisnefndar.

#### 2. Afstaða til mats á umhverfisáhrifum

Tilkynning til ákvörðunar um matskyldu jarðgerðarstöðvar Moltu ehf. var send Skipulagsstofnun í mars 2008 í samræmi við lög nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum. Þann 4. júní 2008 lá ákvörðun Skipulagsstofnunar fyrir og var niðurstaðan sú að framkvæmdin er ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Umhverfisstofnun hefur unnið starfsleyfi þar sem mat á umhverfisáhrifum hefur verið lagt til grundvallar leyfisveitingu. Samkvæmt 5. mgr. 13. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum skal leyfisveitandi, við útgáfu leyfis til framkvæmdar, kynna sér tilkynningu framkvæmdaraðila og ákvörðunina um matskyldu og kanna hvort framkvæmdin sé í samræmi við tilkynnta framkvæmd. Umhverfisstofnun hefur yfirfarið ítarlega tilkynningu framkvæmdaraðila og ákvörðun Skipulagsstofnunar og telur að framkvæmdin sé í samræmi við það.

#### 3. Athugasemdir á auglýsingatíma tillögunnar

Engar athugasemdir bárust á auglýsingartíma.

#### 4. Aðrar leyfisveitinga vegna starfseminnar

Starfstöðin hefur fengið samþykki og samþykkisnúmer hjá Matvælastofnun.

#### 5. Breytingar frá auglýstri tillögu

Engar breytingar hafa verið gerðar á starfsleyfi frá auglýstri tillögu fyrir utan minniháttar lagfæringar og uppfærslu á kafla 1.3 um eftirlit.

#### 6. Gildistaka

Starfsleyfið byggist á skilyrðum á grundvelli reglugerðar nr. 550/2018, um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sem sett er með stoð í 5. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998. Starfsleyfið öðlast þegar gildi og gildir til 18. nóvember 2036.